

Össur hf

Ársreikningur samstæðu
2002

Össur hf.
Grjóthálsi 5
110 Reykjavík

kt. 560271-0189

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2
Kennitölur	4
Áritun endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur ársins 2002	6
Efnahagsreikningur 31. desember 2002	7
Sjóðstreymi ársins 2002	9
Skýringar	10

Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og forstjóra Össurar hf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2002.

Össur hf. hannar, framleiðir og selur lausnir á sviði stoð- og stuðningstækja. Höfuðstöðvar félagsins eru á Íslandi en félagið á og rekur dótturfélög í Bandaríkjunum og Evrópu. Félagið selur framleiðsluvörur sínar um allan heim en helstu markaðssvæðin eru Bandaríkin, Vestur-Evrópa og Japan. Samstæða Össurar hf. 2002 samanstóð í meginatriðum af Össuri hf. á Íslandi, samstæðu Össur Holdings Inc. í USA, samstæðu Össur Holding AB í Svíþjóð og Össur Europe B.V. í Hollandi. Frá og með 1. janúar 2002 hafa uppgjör Össurar hf. verið í Bandaríkjadöllum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins.

Heildartekjur samstæðu Össurar hf. námu 81,3 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 68,4 milljónir árið áður. Tekjuaukningin á milli ára nam því um 19%. Hagnaður af rekstri samstæðunnar var 10,1 milljónir Bandaríkjadala. Til samanburðar var hagnaður ársins 2001 8,6 milljónir Bandaríkjadala. Hagnaður á hlut var 3,12 US cents samanborið við 2,64 US cents árið 2001. Hagnaður fyrir vexti, afskriftir og skatta (EBITDA) var 14,3 milljónir Bandaríkjadala. Rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2002 gerði ráð fyrir að tekjur ársins yrðu á bilinu 78-86 milljónir og að hagnaður yrði á bilinu 9,5-11,5 milljónir. Hagnaður fyrir vexti, afskriftir og skatta var áætlaður um 20% eða á bilinu 15,6 - 17,2 milljónir.

Heildareignir samstæðunnar voru 70,7 milljónir Bandaríkjadala í árslok, skuldir 30,8 milljónir og eigið fé 39,9 milljónir. Eiginfjárhlutfall í árslok var 56,4% samanborið við 52,5% árið á undan.

Á árinu störfuðu að meðaltali 431 starfsmenn hjá samstæðunni, þar af 161 hjá móðurfélaginu á Íslandi. Á árinu 2001 unnu 392 starfsmenn að meðaltali hjá samstæðunni en 129 hjá móðurfélaginu.

Félagið keypti á árinu 5,7 milljónir hluta af eigin bréfum. Bréfin verða meðal annars notuð til að uppfylla kauprétti sem fyrrverandi eigendur og núverandi stjórnendur eiga á hendur félaginu. Gengi á bréfum félagsins var 49,8 í ársbyrjun en 54,0 í árslok. Markaðsvirði félagsins var 17,7 milljarðar IKR um áramót og hækkaði um 1,3 milljarða IKR. á árinu. Í lok ársins voru hluthafar í Össuri hf. 4.866 en voru 4.918 í upphafi árs. Tveir hluthafar áttu meira en 10% hlutafjár í árslok, en það eru Mallard Holding SA, sem átti 24,21% og sænska frjárfestingarfyrirtækið AB Industrivärden sem átti 15,83 %.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2003. Um breytingar á eigin fé á árinu vísar stjórnin í skýringar með ársreikningnum.

Skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri Össurar hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu Össurar hf. fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. febrúar 2003

Í stjórn

Pétur Guðmundarson
stjórnarformaður

Össur Kristinsson

Gunnar Stefánsson

Heimir Haraldsson

Kristján T. Ragnarsson

Sigurbjörn Þorkelsson

Forstjóri

Jón Sigurðsson

Kennitölur

Samstæða Össurar hf.

		2002	2001	2000	1999	1998
Vöxtur						
Sala	USD '000	81.283,6	68.380,4	45.681,6	17.932,6	14.037,1
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	USD '000	14.310,1	12.972,9	8.904,3	3.361,0	2.528,2
Rekstrarhagnaður	USD '000	11.501,0	10.889,3	7.559,8	2.890,8	2.135,9
Starfsmenn	Fjöldi	431,0	392,0	327,0	122,0	101,0
Hagnaður ⁽¹⁾	USD '000	10.056,0	8.632,1	5.187,5	1.925,2	1.112,4
Fjármunir	USD '000	70.682,1	58.201,3	56.851,1	24.307,0	7.361,6

Rekstrarfjármögnun

Handbært fé frá rekstri	USD '000	10.502,5	10.359,4	5.796,7	3.242,9	1.132,8
- í hlutfalli við heildarskuldir	%	35,9	36,1	30,0	67,0	24,5
- í hlutfalli við hagnað af reglulegri starfsemi		1,0	1,2	1,1	1,7	1,0
Hreint veltufé frá rekstri	USD '000	14.661,2	10.770,6	8.556,9	2.598,3	1.610,5
- í hlutfalli við langtímafjármagn	%	30,2	27,3	24,6	19,2	30,9
- í hlutfalli við fjárf. afborganir og arð		1,7	1,2	0,1	2,7	2,4

Fjárhagslegt jafnvægi

Lausafjárhlutfall		1,5	1,2	1,1	1,5	1,7
Veltufjárhlutfall		2,3	1,9	1,5	2,2	2,7
Eiginfjárhlutfall	%	56,4	52,5	44,6	78,6	35,7

Nýting fjármagns

Velta á hvern starfsmann	Þús. USD	188,6	174,4	139,7	147,0	139,0
Veltuhraði fjármagns	Skipti	1,3	1,3	1,1	1,1	2,2
Veltuhraði fullunninna vara	Skipti	5,3	4,9	8,4	7,0	6,2
Veittur gjaldfrestur	Dagar	44	44	50	40	39

Arðsemi

Arðsemi heildarfjármagns eftir skatta ⁽¹⁾	%	20,2	19,0	8,2	22,9	22,2
Arðsemi eigin fjármagns eftir skatta ⁽¹⁾	%	28,6	32,4	9,0	44,7	77,3
Hagnaður fyrir vexti sem % af veltu	%	14,3	15,8	16,5	16,1	14,7
Hagnaður fyrir skatta sem % af veltu	%	14,6	15,1	12,9	16,6	12,5
Hagnaður tímabilsins sem % af veltu ⁽¹⁾	%	12,4	12,5	11,3	10,7	7,7

Markaður

Markaðsvirði	USD '000	219.584,2	158.491,9	255.928,1	116.850,4	
V/H hlutfall ⁽¹⁾		21,8	19,4	53,0	60,8	
V/I hlutfall		5,5	5,2	10,1	6,1	
Fjöldi hluta	Millj.	328,4	328,4	328,4	211,9	
Hagnaður á hlut (EPS) ^(1,2)	US Cent	3,12	2,64	1,48	0,91	
Hagnaður á hlut (Diluted EPS) ^(1,3)	US Cent	3,10	2,63			

Skýringar

- Við útreikninga vegna ársins 2000 er miðað við hagnað af reglulegri starfsemi þar sem við á.
- Hagnaður á útistandandi hluti.
- Hagnaður á útistandandi hluti að teknu tilliti til kaupréttá.
- Við útreikning á kennitölum úr ársreikningum fyrir tímabilin sem gerðir voru í íslenskum krónum hafa rekstrarliðir verið umreiknaðar í Bandaríkjadali miðað við meðalgengi hvers tímabils en efnahagsliðir miðað við lokagengi hvers tímabils.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Össuri hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu Össurar hf. og dótturfyrirtækja fyrir árið 2002. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Samstæðuársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Ársreikningar erlendra dótturfyrirtækja voru endurskoðaðir af samstarfsfyrirtækjum okkar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla en samkvæmt þeim skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að samstæðuársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í samstæðuársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð samstæðuársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar, byggt á okkar eigin athugunum og áritunum annarra endurskoðenda á ársreikninga erlendra dótturfélaga, að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Össurar hf. og dótturfyrirtækja á árinu 2002, efnahag í lok þess árs, og breytingum á fjárhagslegri skipan á árinu, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 11. febrúar 2003

Deloitte & Touche hf.

Heimir Þorsteinsson
endurskoðandi

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2002

	Skýr.	Samstæða í þúsundum USD	
		2002 1.1. - 31.12	2001 1.1. - 31.12
Sala	6	81.283,6	68.380,4
Kostnaðarverð seldra vara		<u>(33.433,3)</u>	<u>(25.376,3)</u>
Framlegð		47.850,3	43.004,1
Aðrar rekstrartekjur		1.030,5	799,6
Sölu- og markaðskostnaður		(16.927,4)	(12.773,0)
Þróunarkostnaður		(7.102,9)	(5.101,5)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		<u>(13.349,5)</u>	<u>(15.039,9)</u>
Rekstrarhagnaður		11.501,0	10.889,3
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	8	181,7	(487,5)
Tekjur frá hlutdeildarfélögum	15	<u>154,0</u>	<u>22,4</u>
Hagnaður fyrir skatta		11.836,7	10.424,2
Tekjuskattur	9	<u>(1.780,7)</u>	<u>(1.792,1)</u>
Hagnaður ársins		<u>10.056,0</u>	<u>8.632,1</u>
Hagnaður á hlut	10		
Hagnaður á útistandandi hluti (US cent)		<u>3,12</u>	<u>2,64</u>
Hagnaður á útistandandi hluti að teknu tilliti til kaupréttá (US cent)		<u>3,10</u>	<u>2,63</u>

Efnahagsreikningur

		Samstæða í þúsundum USD		
		Skýr.	31.12.2002	31.12.2001
Eignir				
Fastafjármunir				
Óefnislegar eignir				
	Reiknuð skattinneign	11	20.189,5	20.562,1
	Aðrar óefnislegar eignir	12	750,7	301,5
			<u>20.940,2</u>	<u>20.863,6</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir				
	Fasteignir og lóðir	13	3.066,5	2.943,3
	Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir		7.152,9	5.865,7
			<u>10.219,4</u>	<u>8.809,0</u>
Langtímakröfur				
	Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	15	0,0	127,3
	Langtímakröfur	16	933,7	1.148,2
			<u>933,7</u>	<u>1.275,5</u>
	Fastafjármunir		<u>32.093,3</u>	<u>30.948,1</u>
Veltufjármunir				
Birgðir				
	Hráefni	17	5.764,6	3.335,1
	Vörur í vinnslu		291,7	244,6
	Fullunnar vörur og vörur til endursölu		6.301,7	6.293,0
			<u>12.358,0</u>	<u>9.872,7</u>
Skammtíamkröfur				
	Viðskiptakröfur	18	12.403,2	9.854,0
	Fyrirframgreiddur kostnaður		456,3	336,9
	Aðrar kröfur		1.105,3	1.192,9
			<u>13.964,8</u>	<u>11.383,8</u>
Handbært fé				
	Markaðsverðbréf.....		1.190,2	452,8
	Sjóður og bankainnstæður		11.075,8	5.543,9
			<u>12.266,0</u>	<u>5.996,7</u>
	Veltufjármunir		<u>38.588,8</u>	<u>27.253,2</u>
	Eignir		<u>70.682,1</u>	<u>58.201,3</u>

31. desember 2002

Eigið fé og skuldir

		Samstæða í þúsundum USD	
	Skýr.	31.12.2002	31.12.2001
Eigið fé	19		
Hlutfé		3.122,8	3.141,7
Yfirverðsreikningur innbargaðs hlutfjár		26.167,6	27.258,9
Lögbundinn varasjóður		735,4	146,9
Annað eigið fé		9.835,2	0,0
Eigið fé		<u>39.861,0</u>	<u>30.547,5</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir	21		
Lánastofnanir		12.184,5	9.998,4
Skuldabréf		21,8	34,8
Aðrar langtímaskuldir		1.678,0	2.897,6
Langtímaskuldir		<u>13.884,3</u>	<u>12.930,8</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....		5.132,1	4.907,9
Viðskiptaskuldir.....		2.926,6	3.448,0
Reiknaðir skattar ársins.....		1.280,0	789,3
Aðrar skammtímaskuldir.....		7.598,1	5.577,8
Skammtímaskuldir		<u>16.936,8</u>	<u>14.723,0</u>
Skuldir		<u>30.821,1</u>	<u>27.653,8</u>
Eigið fé og skuldir		<u>70.682,1</u>	<u>58.201,3</u>

Sjóðstreymi ársins 2002

	Skýr.	Samstæða í þúsundum USD	
		2002 1.1. - 31.12	2001 1.1. - 31.12
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		10.056,0	8.632,1
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	12,13	2.809,1	2.061,7
Verðbætur og gengismunur.....		(63,6)	663,6
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.....		0,0	(874,0)
Reiknaður tekjuskattur.....		1.988,8	1.252,6
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagum.....	15	(154,0)	(22,4)
Aðrir reiknaðir liðir.....		24,9	(943,0)
Veltufé frá rekstri		14.661,2	10.770,6
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir, hækkun.....		(1.582,2)	(2.746,0)
Skammtímakröfur, hækkun.....		(1.831,6)	(4.959,8)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(744,9)	7.294,6
Handbært fé frá rekstri		10.502,5	10.359,4
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		(3.571,9)	(2.694,5)
Seldir fastafjármunir		85,8	157,8
Fjárfesting í öðrum félögum		0,0	(961,9)
Langtímaverðbréf og aðrar kröfur, breyting		430,5	482,2
Seld hlutabréf		174,3	0,0
Fjárfestingarhreyfingar		(2.881,3)	(3.016,4)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir		5.226,9	0,0
Afborganir langtímaskulda		(5.549,3)	(5.824,6)
Keypt eigin bréf		(2.960,6)	(2.711,4)
Seld eigin bréf		1.589,4	0,0
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga		51,7	486,9
Fjármögnunarhreyfingar		(1.641,9)	(8.049,1)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		5.979,3	(706,1)
Handbært fé frá keyptum félögum		0,0	253,8
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		290,0	(674,6)
Handbært fé í upphafi ársins		5.996,7	7.123,6
Handbært fé í lok ársins		12.266,0	5.996,7

Skýring um sjóðstreymi 22

Skýringar

1. Starfsemi

Össur hf. hannar, framleiðir og selur lausnir á sviði stoðtækja og stuðningstækja. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru hulsur, gervifætur, hnjálíðir og íhlutir ýmiskonar sem notaðir eru til framleiðslu á gervilimum. Helstu markaðssvæði fyrirtækisins eru Norður-Ameríka, Vestur-Evrópa og Japan en fyrirtækið starfrækir félög í Bandaríkjunum, Svíþjóð og Hollandi auk móðurfélagsins sem staðsett er á Íslandi.

Framleiðsla og samsetning á vörum samstæðunnar fór fram á fjórum stöðum á tímabilinu, hjá Össur North America, Inc. í Aliso Viejo, Kaliforníu, sem setur saman gervifætur, hjá Össur Engineering, Inc. í Albion, Michigan, sem framleiðir hnjálíði, hjá Mauch, Inc., Dayton, Ohio, sem framleiðir íhluti í hnjálíði og hluti til ígræðslu og hjá Össuri hf. á Íslandi, sem framleiðir hulsur, gervifætur og íhluti. Auk þessa voru framleidd stuðningstæki hjá Össur Nordic AB í Uppsölum í Svíþjóð og rekið stoðtækjaverkstæði á Íslandi.

Sala, dreifing og þjónusta í Norður Ameríku fór fram frá Össur North America, Inc., í Vestur Evrópu frá Össur Europe B.V., á Norðurlöndum frá Össur Nordic AB en aðrir markaðir voru aðallega þjónustaðir frá Össuri hf. á Íslandi og Össur North America, Inc. Á árinu 2001 var sölufyrirkomulagi breytt bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og er nú selt beint á þeim mörkuðum í stað þess að selja í gegnum dreifiaðila.

Á árinu 2002 var skipulagi í rekstrinum og félögum samstæðunnar breytt. Öllu rannsóknar- og þróunarstarfi og framleiðslu er stýrt frá einu sviði, tæknisviði. Alþjóðlegri markaðssetningu, vörustjórnun og sölu til annarra markaða en Norður Ameríku og Vestur Evrópu er stýrt frá markaðs- og vörusviði. Staðbundin markaðssetning, sala, dreifing og þjónusta er rekin í þremur sjálfstæðum sölufyrirtækjum, Össur North America, Inc., Kaliforníu, Össur Europe B.V., Hollandi og Össur Nordic AB í Svíþjóð.

2. Breyting á uppgjörsmýnt

Í samræmi við íslensk lög nr. 25/2002 um breytingu á lögum nr. 145/1994 um bókhald, lögum nr. 144/1994 um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt hefur Össur hf. ákveðið að birta ársreikning samstæðu félagsins í Bandaríkjadöllum. Ástæða þess er að meginumfang starfsemi samstæðunnar er í Bandaríkjunum og starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar, þ.e. sá gjaldmiðill sem ákvarðar mestar tekjur, gjöld, eignir og skuldir hennar, eru Bandaríkjadalir.

Með fyrrgreindri lagabreytingu var samstæðu Össurar hf. heimilt að birta reikningsskil félagsins í Bandaríkjadöllum frá og með 1. janúar 2002. Skýrt er frá meðhöndlun samanburðartalna vegna ársins 2001 í kafla um samanburð við fyrri ár.

3. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur samstæðu Össurar hf. er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Þær breytingar eru á ársreikningnum frá fyrri árum að hann er gerður í Bandaríkjadöllum og að íslensk félög samstæðunnar hafa hætt verðleiðréttingum reikningsskila. Ársreikningurinn er því gerður eftir kostnaðarverðsaðferð en þó að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til ársloka 2001. Við gerð ársreikningsins er í öðrum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Með íslenskum lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Með breytingunum voru verðleiðréttingar í lögum um tekjuskatt og eignarskatt lagðar af frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru afnumin ákvæði laga um ársreikninga, sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Össur hf. hefur ákveðið að verðleiðrétta ekki reikningsskil hjá íslenskum félögum samstæðunnar frá og með 1. janúar 2002. Í ársreikningi þessum er því hvorki reiknuð verðbreytingarfærsla né fastafjármunir samstæðunnar endurmetnir. Samanburðatölum fyrra árs hefur ekki verið breytt hvað verðleiðréttingar varðar. Ef reikningsskil ársins 2001 væru óverðleiðréttt þá hefði hagnaður verið 7.771 þúsund Bandaríkjadalir.

Skýringar

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn á fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er þessum stærðum því eytt innan samstæðunnar við gerð reikningsskilanna. Óinnleystur hagnaður í birgðum af viðskiptum milli félaga innan samstæðunnar er bakfærður og samsvarandi leiðréttingar gerðar á reiknuðum tekjuskatti samstæðunnar.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra, með því að taka þátt í ákvarðanatöku um fjármála- og rekstrarstefnu.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð, en þá er hlutdeild í hagnaði eða tapi tímabilsins fært yfir rekstrarreikning samstæðunnar. Í efnahagsreikningi er færð til eignar hlutdeild í eigin fé hlutdeildarfélaga.

Skráning tekna

Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur fæst yfir til kaupanda.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem kaupleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt kaupleigusamningi eru færðar til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og eru afskrifaðar á líftíma þeirra. Samsvarandi skuld við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en Bandaríkjadöllum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en Bandaríkjadöllum eru umreiknaðar miðað við gengi í árslok og gengismunur færður yfir rekstrarreikning.

Rekstrarliðir dótturfélaga, sem ekki semja reikningsskil í Bandaríkjadöllum, eru umreiknaðir í Bandaríkjadali á meðalgengi hvers ársfjórðungs en efnahagsliðir aðrir en hlutfé eru umreiknaðir í Bandaríkjadali á árslokagengi. Þýðingarmismunur vegna yfirfærslu reikningsskila dótturfélaga úr uppgjörsmýnt í Bandaríkjadali er færður yfir annað eigið fé.

Skýringar

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattur er reiknaður miðað við gildandi skatthlutfall í hverju landi fyrir sig.

Reiknuð skattinneign samanstendur af skattahagræði í tengslum við kaup á eignarhluta í öðrum félögum umfram bókfært eigið fé þeirra í þeim löndum þar sem slíkur kostnaður er frádráttarbær. Einnig færast með reiknaðri skattinneign skattahagræði vegna yfirfæranlegs rekstrartaps sem nýttast mun á næstu árum.

Við gerð samstæðureikningsskilanna er uppsafnaður hagnaður í birgðum vegna innbyrðis viðskipta bakfærður. Áhrif bakfærslunnar á tekjuskatt eru einnig bakfærð í samstæðureikningsskilunum og færast til hækkunar á reiknaðri skattinneign. Tekjuskatturinn er reiknaður út frá gildandi skatthlutföllum í þeim löndum þar sem vörurnar eiga uppruna sinn.

Tekjuskattsskuldbinding stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð til lækkunar á reiknaðri skattinneign í samstæðuársreikningi.

Til frádráttar reiknuðum sköttum tímabilsins í efnahagsreikningi hefur verið færður fyrirframinnheimtur fjármagnstekjuskattur.

Aðrar óefnislegar eignir

Reikningsliðurinn inniheldur þróunarkostnað frá fyrri árum og kostnað við öflun einkaleyfa fyrir framleiðsluvörur samstæðunnar. Keypt framleiðsluþekking og tæknilegar lausnir eru einnig eignfærðar meðal óefnislegra eigna. Eignir þessar eru afskrifaðar um 10-20% á ári. Allur þróunarkostnaður og kostnaður vegna einkaleyfa sem féll til á árinu er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýttast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði.

Kostnaður varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað í nothæft ástand.

Fyrningar eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Fyrningahlutföll greinast þannig:

Fasteignir.....	5%
Innréttingar og tækjabúnaður.....	10-34%
Bifreiðar.....	10-32%
Verksmiðjuvélur og tæki.....	12-20%

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söluþegi.

Skýringar

Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af ýmsum kröfum og verðbréfum. Langtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Í þeim tilfellum þar sem markaðsverð verðbréfa er þekkt og reynist lægra en kostnaðarverð eru þau færð niður í markaðsverð.

Birgðir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði/framleiðslukostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf samanstanda af skammtímaverðbréfum sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi og öðrum auðseljanlegum verðbréfum sem eiga það sameiginlegt að vera handbær innan þriggja mánaða frá lokum reikningstímabilsins og er innlausn ráðgerð innan þess tíma. Verðbréf sem skráð eru á fjármagnsmarkaði eru færð við síðasta kaupgengi ársins. Verðbreytingar markaðsverðbréfa eru færðar meðal fjármunaliða í rekstrarreikningi.

Kaupréttarsamningar og skuldbindingar um hækkun hlutfjár

Samstæðan hefur gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn og aðra aðila tengda rekstrinum. Ennfremur hefur hluti kaupverðs á fyrirtækjum sem samstæðan hefur keypt verið bundið skilyrðum um tiltekinn árangur. Framangreindir samningar fela í sér skuldbindingar um hækkun hlutfjár í framtíðinni.

Sú reikningsskilaaðferð hefur verið viðhöfð að færa mismun á markaðsverði og kaupréttarverði á samningsdegi til hækkunar á kaupverði þeirra félaga sem samstæðan hefur keypt eða hlutfallslega til gjalda á samningstímanum þar til fyrst er heimilt að nýta kaupréttinn. Í þeim tilvikum sem markaðsverð á samningsdegi hefur verið jafnt eða lægra en kaupréttarverð hefur engin bókun átt sér stað.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

4. Samanburður við fyrra ár

Til að auðvelda samanburðarhæfni á milli ára, eru samanburðartölur frá fyrra ári umreiknaðar úr íslenskum krónum yfir í Bandaríkjadali á meðalgengi ársins 2001 fyrir rekstrarliði en efnahagsliði eru umreiknaðir í Bandaríkjadali á árslokagengi.

Skýringar

5. Rekstraryfirlit eftir ársfjórðungum

	1. árs- fjórðungur 1.1.-31.3.	2. árs- fjórðungur 1.4.-30.6.	3. árs- fjórðungur 1.7.-30.9.	4. árs- fjórðungur 1.10.-31.12.	Samtals 1.1.-31.12.
Sala	18.593,0	21.223,1	21.390,6	20.076,9	81.283,6
Kostnaðarverð seldra vara	(7.494,9)	(8.594,7)	(8.304,7)	(9.039,0)	(33.433,3)
Framlegð	11.098,1	12.628,4	13.085,9	11.037,9	47.850,3
Aðrar rekstrartekjur	222,4	107,0	165,5	535,6	1.030,5
Sölu- og markaðskostnaður	(4.197,4)	(4.891,3)	(3.748,2)	(4.090,5)	(16.927,4)
Þróunarkostnaður	(2.018,6)	(1.556,6)	(1.675,8)	(1.851,9)	(7.102,9)
Skrifstofu- og stjórnunark.	(3.562,1)	(3.298,3)	(3.137,0)	(3.352,1)	(13.349,5)
Rekstrarhagnaður (tap)	1.542,4	2.989,2	4.690,4	2.279,0	11.501,0
Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	(323,3)	338,6	(151,1)	317,5	181,7
Hlutdeild í afkomu hlutd.fél.	56,0	(17,9)	1,7	114,2	154,0
Hagnaður fyrir skatta	1.275,1	3.309,9	4.541,0	2.710,7	11.836,7
Tekju og eignarskattur	(244,4)	(720,3)	(891,9)	75,9	(1.780,7)
Hagnaður tímabilsins	1.030,7	2.589,6	3.649,1	2.786,6	10.056,0
Hagn. fyrir afskr. (EBITDA)	2.127,3	3.604,3	5.395,1	3.183,4	14.310,1

6. Sala

Sala samstæðunnar greinist þannig eftir mörkuðum í þúsundum Bandaríkjadala:

	2002	2001
Norður Ameríka.....	46.166,0	38.230,9
Evrópa.....	30.328,3	23.723,9
Aðrir markaðir.....	4.789,3	6.425,6
	81.283,6	68.380,4

Sala samstæðunnar greinist þannig eftir vörutegundum í þúsundum Bandaríkjadala:

	2002	2001
Stoðtæki.....	72.899,4	62.145,6
Stuðningstæki.....	4.529,2	3.315,9
Annað.....	3.855,0	2.918,9
	81.283,6	68.380,4

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld samstæðunnar greinast þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	2002	2001
Laun.....	18.479,4	18.291,7
Launatengd gjöld.....	6.372,2	6.095,5
	24.851,6	24.387,2
Meðalfjöldi starfa.....	431	392

Skýringar

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði í þúsundum Bandaríkjadala:

	2002	2001
Kostnaðarverð seldra vara.....	9.364,1	7.622,7
Sölu- og markaðskostnaður.....	7.582,5	6.846,4
Próunarkostnaður.....	3.139,4	2.421,2
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	4.765,6	7.496,9
	<u>24.851,6</u>	<u>24.387,2</u>

Heildarfjárhæð launa til stjórnar og forstjóra samstæðunnar á árinu 2002 námu 437,2 þúsund Bandaríkjadöllum. Sömu aðilar hafa gert kaupréttarsamninga um kaup á 3.050.000 hlutum á verðinu 73,70 íslenskar krónur á hlut. Kauprétturinn er nýtanlegur á árinu 2005 ef tilgreind skilyrði eru uppfyllt. Engir ágóðahlutir, lán eða aðrar ábyrgðir hafa verið veittar þessum aðilum.

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	2002	2001
Fjármunatekjur:		
Vaxtatekjur af bankareikningum.....	75,1	72,1
Tap af langtímakröfum.....	(133,5)	0,0
Tekjur af markaðsverðbréfum.....	90,1	291,0
Aðrar vaxtatekjur.....	17,3	30,7
	<u>49,0</u>	<u>393,8</u>
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld af bankalánum.....	(791,8)	(1.110,5)
Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum.....	(52,8)	(6,8)
Önnur vaxtagjöld.....	(76,6)	(267,8)
	<u>(921,2)</u>	<u>(1.385,1)</u>
Verðbreytingafærsla.....	0,0	874,0
Gengismunur.....	1.053,9	(370,2)
	<u>181,7</u>	<u>(487,5)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	<u>181,7</u>	<u>(487,5)</u>

9. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur greinist þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	2002	2001
Tekjuskattur til greiðslu vegna tímabilsins.....	1.540,2	860,4
Afskrifað skattahagræði vegna kaupa á viðskiptavild.....	1.325,5	1.327,9
Tekjuskattsáhrif vegna bakfærslu á óinnleystum hagnaði í birgðum.....	(869,5)	(389,7)
Breyting reiknaðrar skattinneignar/skattskuldbindinga.....	(215,5)	(6,5)
	<u>1.780,7</u>	<u>1.792,1</u>

Skýringar

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

	2002	2001
Hagnaður ársins í þúsundum Bandaríkjadala.....	10.056,0	8.632,1
Vegið meðaltal útistandandi hluta á árinu (í þúsundum).....	322.668,5	327.229,5
Vegið meðaltal útistandandi hluta að teknu tilliti til kaupréttta (í þúsundum).....	323.875,4	328.432,2
Hagnaður á útistandandi hluti (US cent)	3,12	2,64
Hagnaður á útistandandi hluti að teknu tilliti til kaupréttta (US cent)	3,10	2,63

11. Reiknuð skattinneign

Reiknuð skattinneign greinist þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	31.12.2002	31.12.2001
Skattahagræði í tengslum við kaup á viðskiptavild.....	16.237,2	17.562,7
Reiknuð skattinneign vegna yfirfæranlegs taps.....	3.399,5	3.368,2
Reiknuð skattinneign vegna bakfærðs hagnaðar í birgðum samstæðunnar.....	1.295,1	425,6
Skattskuldbindingar.....	(742,3)	(794,4)
	20.189,5	20.562,1

Á árinu 2000 keypti Össur hf. allt hlutfé í Flex-foot, Inc. í Kaliforníu. Kaupverð hlutabréfanna var verulega hærra en bókfært verð eigin fjár og taldist yfirverðið viðskiptavild. Viðskiptavildin var gjaldfærð í rekstrarreikningi árið 2000. Hins vegar voru 3/4 hlutar þess skattahagræðis sem leiddu af kaupum viðskiptavildarinnar eignfært.

Samkvæmt gildandi skattalögum í Kaliforníu er kaupverð á hlutabréfum umfram bókfært eigið fé frádráttarbært á 15 árum ef kaupin uppfylla tilgreind skilyrði. Þetta hefur það í för með sér að dótturfélagið Össur Holdings, Inc. þarf ekki að greiða skatta á næstu 13 árum af hagnaði að fjárhæð 52.374,6 þúsund Bandaríkjadalar. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir nægum árlegum hagnaði til þess að nýta skattahagræðið. Fjárhæðin verður gjaldfærð með jöfnum fjárhæðum sem tekjuskattur í rekstrarreikningi á næstu 13 árum. Í samræmi við þetta voru 1.325,5 þúsund Bandaríkjadalar gjaldfærðir á tímabilinu sem tekjuskattur í rekstrarreikningi og nema eftirstöðvarnar 16.237,2 þúsund Bandaríkjadöllum.

Skýringar

12. Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir greinast þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	2002	2001
Stofnverð í ársbyrjun.....	707,3	747,7
Afskrifað áður	(405,8)	(359,2)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	301,5	388,5
Gengismismunur á tímabilinu.....	35,9	(13,6)
Viðbót á tímabilinu.....	511,0	9,6
Afskrifað á tímabilinu.....	(97,7)	(83,0)
Bókfært verð 31.12.	750,7	301,5

Afskriftir annarra óefnislegra eigna skiptist þannig á rekstrarliði í þúsundum Bandaríkjadala:

	2002	2001
Þróunarkostnaður.....	82,4	31,4
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	15,3	51,6
	97,7	83,0

13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Vélar	Innréttingar og skrifstofub.	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	3.364,2	273,8	7.332,4	4.167,9	15.138,3
Afskrifað áður	(420,9)	(56,0)	(3.807,9)	(2.044,5)	(6.329,3)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	2.943,3	217,8	3.524,5	2.123,4	8.809,0
Gengismunur á tímabilinu.....	22,4	0,7	81,1	24,2	128,4
Keypt á tímabilinu.....	297,3	0,0	2.491,0	1.315,8	4.104,1
Selt á tímabilinu.....	0,0	(69,3)	(34,9)	(6,5)	(110,7)
Afskrifað á tímabilinu.....	(196,5)	(36,3)	(1.279,4)	(1.199,2)	(2.711,4)
Bókfært verð 31.12.....	3.066,5	112,9	4.782,3	2.257,7	10.219,4

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna skiptast þannig á rekstrarliði í þúsundum Bandaríkjadala:

	2002	2001
Kostnaðarverð seldra vara.....	1.011,8	743,4
Sölu- og markaðskostnaður.....	91,2	75,9
Þróunarkostnaður.....	327,1	257,9
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	1.281,3	901,5
	2.711,4	1.978,7

Skýringar

14. Samstæðan

Samstæðureikningsskil Össurar hf. taka til þessara dótturfélaga:

	<u>Eignarhluti</u>
Össur Holding, AB.....	100%
Össur Nordic, AB.....	100%
Össur Nordic, AS.....	100%
Össur Engineering, AB.....	100%
PI Protesindustri, AB.....	100%
PI Medical, ApS.....	100%
Mega Hali Med, AB.....	100%
PI Medical, AB.....	100%
Protese Industri Medical, AS.....	100%
Össur Holdings, Inc.....	100%
Össur Engineering, Inc.....	100%
Century XXII Engineering, Inc.....	100%
Össur North America, Inc.....	100%
Mauch, Inc.....	100%
Össur USA, Inc.....	100%
OR Capital, Inc.....	100%
Össur stoðtæki hf.....	90%
Össur UK, Ltd.....	100%
Össur Europe, BV.....	100%

Á árinu stofnaði Össur hf. fjármálaútibú í Sviss sem hefur umsjón með lánveitingum innan samstæðunnar.

15. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum greinast þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	<u>2002</u>	<u>2001</u>
Stofnverð í ársbyrjun.....	94,5	96,9
Selt á tímabilinu.....	(94,5)	(2,4)
	<u>0,0</u>	<u>94,5</u>
Staða hreyfinga 1.1.....	32,8	0,0
Hlutdeild í hagnaði.....	39,8	22,4
Þýðingarmismunur.....	27,1	11,2
Selt á tímabilinu.....	(99,7)	(0,8)
	<u>0,0</u>	<u>32,8</u>
Bókfært verð 31.12.....	<u>0,0</u>	<u>127,3</u>
Tekjur vegna hlutdeildarféлага greinast þannig í þúsundum Bandaríkjadala:		
Hlutdeild í hagnaði tímabilsins.....	39,8	22,4
Söluhagnaður vegna selds eignarhluta.....	114,2	0,0
	<u>154,0</u>	<u>22,4</u>

Skýringar

16. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	31.12.2002	31.12.2001
Óskráð skuldabréf.....	380,6	108,4
Verðbréf skráð á markaði.....	607,4	699,3
Aðrar langtímakröfur.....	242,3	423,6
Niðurfærsla.....	(296,6)	(83,1)
	<u>933,7</u>	<u>1.148,2</u>

17. Birgðir

Við gerð samstæðureikningsskilanna var uppsafnaður hagnaður í birgðum vegna innbyrðis viðskipta samstæðunnar bakfærður að fjárhæð 4.859,9 þúsund Bandaríkjadöllum. Áhrif bakfærslunnar á tekjuskatt nemur 1.295,1 þúsund Bandaríkjadöllum sem eru einnig bakfærðir í samstæðureikningsskilunum.

18. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	31.12.2002	31.12.2001
Nafnverð viðskiptakrafna.....	14.132,2	11.074,0
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	(1.210,4)	(701,4)
Niðurfærsla vegna hugsanlegra vöruskila.....	(518,6)	(518,6)
	<u>12.403,2</u>	<u>9.854,0</u>

19. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig í milljónum hluta og þúsundum Bandaríkjadala:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok ársins.....	322,2	98,1%	3.122,8
Eigin hlutir í lok ársins.....	6,2	1,9%	59,8
	<u>328,4</u>	<u>100%</u>	<u>3.182,6</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 328.441.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Á hluthafafundi þann 6. júní 2002 var samþykkt að breyta hlutabréfum Össurar hf. úr íslenskum krónum í Bandaríkjadali og stjórn félagsins falið að sjá um framkvæmd þess og verður það gert um leið og tæknileg vandamál í viðskiptakerfi bankanna hafa verið leyst.

Skýringar

Breytingar á einstökum eiginfjárreikningum greinist þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári.....	3.141,7	27.258,9	146,9	0,0	30.547,5
Keyptir eigin hlutir.....	(55,2)	(2.905,4)			(2.960,6)
Seldir eigin hlutir	29,1	1.560,3			1.589,4
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	1,9	49,8			51,7
Afhentir eigin hlutir vegna kaupa á dótturfélögum.....	5,3	204,0			209,3
Þýðingarmismunur á erlendum eignarhlutum.....				367,7	367,7
Hagnaður tímabilsins.....				10.056,0	10.056,0
Tillag í lögbundinn varasjóð.....			588,5	(588,5)	0,0
	3.122,8	26.167,6	735,4	9.835,2	39.861,0

20. Kaupréttarsamningar og skuldbindingar um hækkun hlutfjár

Eftirfarandi er yfirlit um kaupréttarsamninga og skuldbindingar um hækkun hlutfjár miðað við að öll skilyrði verði að fullu uppfyllt:

Samningsgengi / Skilyrði	Hlutir í þúsundum				Samtals
	2003	2004	2005	2006	
3,125 / Skilyrt.....	858,0	429,0	0,0	0,0	1.287,0
24,0 / Skilyrt.....	189,6	189,6	189,6	0,0	568,8
46,0 / Skilyrt.....	0,0	0,0	0,0	1.000,0	1.000,0
58,5 / Skilyrt.....	400,0	400,0	400,0	0,0	1.200,0
73,7/ Skilyrt.....	0,0	0,0	3.550,0	0,0	3.550,0
	1.447,6	1.018,6	4.139,6	1.000,0	7.605,8

Í árslok 2002 voru útgefnir hlutir í Össuri hf. alls 328.441.000. Samkvæmt samþykktum félagsins hefur stjórn þess heimild til útgáfu allt að 10.000.000 hluta til að uppfylla ofangreinda samninga. Heimild þessi gildir til 24. mars 2005. Skráð markaðsverð á hlut var 54,0 íslenskar krónur í árslok 2002.

Einnig eru í gildi samningar vegna kaupa á sænskum dótturfélögum frá árinu 2000 þess eðlis að seljendur eiga eftir að fá afhent 1.099.216 hluti á árunum 2003-2004 að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Félagið mun nota eigin bréf til að uppfylla þessa samninga og er skuldin færð í bókum móðurfélagsins.

Skýringar

21. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum í þúsundum Bandaríkjadala:

	Eftirstöðvar	
	31.12.2002	31.12.2001
Skuldir í USD.....	12.675,2	17.030,3
Skuldir í EUR.....	6.198,8	0,0
Skuldir í ISK.....	142,4	808,4
	<u>19.016,4</u>	<u>17.838,7</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(5.132,1)</u>	<u>(4.907,9)</u>
Langtímaskuldir 31.12.	<u>13.884,3</u>	<u>12.930,8</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2003.....	5.132,1	4.907,9
Afborganir 2004.....	9.218,8	4.812,3
Afborganir 2005.....	1.105,1	7.733,2
Afborganir 2006.....	898,1	385,3
Afborganir síðar	<u>2.662,3</u>	<u>0,0</u>
	<u>19.016,4</u>	<u>17.838,7</u>

22. Sjóðstreymi

Í sjóðstreymi samstæðu eru áhrif gengisumreiknings sjóðstreymisyfirlita dótturfélaga sýnd sem sérstakur liður í greiningu á breytingu handbærs fjárs.

Greiddir skattar á tímabilinu námu 820,4 þúsund Bandaríkjadöllum. Greidd vaxtagjöld umfram vaxtatekjur námu 751,9 þúsund Bandaríkjadöllum á tímabilinu.

Keyptir voru varanlegir rekstrarfjármunir á tímabilinu að fjárhæð 1.043,2 þúsund Bandaríkjadala sem voru fjármagnaðir að fullu með kaupleigusamningum. Þessi viðskipti hafa ekki áhrif á handbært fé og eru því ekki sýnd í sjóðstreymi.

23. Vátryggingar

Vátryggingarmat eigna samstæðunnar í árslok greinist þannig í þúsundum Bandaríkjadala:

	<u>Vátryggingamat</u>	<u>Bókfært verð</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og birgðir.....	<u>30.062,7</u>	<u>22.577,4</u>

Fasteignir í eigu samstæðunnar er staðsettar í Kaliforníu, Bandaríkjunum.

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar. Tryggingarfjárhæðin nemur 14.455,9 þúsund Bandaríkjadöllum.

Skýringar

24. Ábyrgðir og veðsetningar

Í lánaskilmálum vegna lána að fjárhæð 9.248,7 þúsund Bandaríkjadalir kemur meðal annars fram að félagið skal ekki án samráðs við lánveitanda selja verulegan hluta fastafjármuna eða gera meiriháttar breytingar á rekstri. Auk þess eru í lánasamningunum skilmálar um leyfileg mörk milli rekstrarafkomu og skuldsetningar.

25. Leigusamningar

Eftirstöðvar kaupleigusamninga nema í árslok 1.427,3 þúsund Bandaríkjadöllum og er fjárhæðin færð meðal langtímaskulda.

Eftirstöðvar rekstrarleigusamninga í árslok nema 56,1 þúsund Bandaríkjadöllum. Fjárhæðin er ekki færð meðal skulda í ársreikningi heldur eru leigugreiðslur gjaldfærðar þegar þær falla til.

Gerðir hafa verið ellefu leigusamningar um húsnæði í Reykjavík, Hollandi, Svíþjóð og Bandaríkjunum. Leigusamningarnir falla úr gildi á árunum 2003-2020. Heildarleigugreiðslur samstæðunnar á árinu 2002 námu 1.431,2 þúsund Bandaríkjadöllum.

Félagið á kauprétt að fasteigninni að Grjóthálsi 5, Reykjavík meðan á leigutíma stendur.

26. Samþykki ársreiknings

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur af forstjóra og stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 11. febrúar 2003.